

Fundargerð 79. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 17. janúar kl. 09:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfssdóttir, Knútur Emil Jónasson, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll. Guðjón Bragason frá GB stjórnsýsluráðgjöf sat fundinn.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- 1. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála, mál nr. S-232/2024. - 2404035SA**

Lögð fram drög að umsögn um frv. um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála, mál nr. S-232/2024, dags. 15. janúar 2025. Guðjón Bragason fór yfir drögin en stjórn telur að frumvarpið feli almennt í sér jákvæðar breytingar á leyfisveitingaferlinu. Hins vegar eru nokkur atriði sem stjórn hefur ábendingar um sem snúa að nauðsynlegum viðbrögðum við niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur og reglugerðarákvæði 17. gr. frv. Að öðru leyti gerir stjórn ekki athugasemdir við frumvarpið.

Formanni falið að ganga frá umsögninni og skila inn í Samráðsgátt í samvinnu við Guðjón Bragason.

- 2. Umsögn um skýrslu og frumvarp um endurskoðun á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, mál nr. S-235/2024 - 2404035SA**

Lögð fram drög að umsögn um skýrslu og frumvarp um endurskoðun á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, mál nr. S-235/2024. Guðjón Bragason fór yfir drögin

Drög að umsögn samþykkt með þeim breytingum sem rætt var um á fundinum. Formanni falið að ganga frá umsögninni og skila inn í samvinnu við Guðjón Bragason.

Í lok fundar var rætt um að boða næsta stjórnarfund 31. janúar 2025 kl. 08:00

Fundi var slitið kl. 10:35